

Velkomin í íbúð 48 við ströndina Los Arenales de Sol á Spáni.

Í þessari möppu eru hagnýtar upplýsingar af ýmsu tagi um íbúðina og nágrenni hennar. Hér er einnig að finna góðar ábendingar um allt mögulegt skemmtilegt til að gera og fara í nágrenninu. Í íbúðinni er gestabók og þar er tilvalið að bæta við ábendingum fyrir næstu gesti.

Með ósk um ánægjulega daga í Los Arenales de Sol,
Orlofssjóður Sameykis.



Lyklamálin

Lyklar og fjarstýringar eru afhentar á skrifstofu félagsins, Grettisgötu 89 í Reykjavík sem næst brottfarardegi. Vinsamlegast skilið lyklum aftur á skrifstofuna eins fljótt og hægt er eftir heimkomu.

Þeir sem koma annars staðar frá eða ætla ekki beint heim eftir dvöl í íbúðinni skulu fá lykla afhenta á Spáni, en það verður að gerast í samráði við umsjónarmann.

Hvar er íbúðin?

Íbúðin er í fjölbýlishúsi við strandgötuna í Arenals del Sol, eða í um það bil 10 km fjarlægð við flugvöllinn, 13 km sunnan við Alicante. Einfalt er að taka leigubíl frá flugvellinum í Alicante að húsinu. Ökuferðin tekur ca. 15-20 mínútur og er verðið ca. 25-30 evrur. Það er þó alltaf gott að ræða verðið við leigubílstjórann áður en sest er inn í bílinn.

Einnig er hægt að bóka akstur beint í gegnum umsjónarmann húsnæðis en það verður að gera fyrirfram eða þegar húsnæðið er bókað.

Að auki getur umsjónarmaður húsnæðis haft milligöngu um leigu bílaleigubíla á meðan á dvöl stendur sé þess óskað.

Heimilisfangið er:

Av. San Bartolomé Tirajana nr. 52, 03195 Los Arenals del Sol, Alicante, Spain.

Íbúðin er merkt nr 48, dyrabjalla nr. 048 og er á efstu hæð, svokölluð Penthouse íbúð með stórum svölum og sólbaðssvæði á þaki.

Gengið er inn um hlið frá götu meðfram húsinu vinstra megin eða ekið inn um lokað bílahlið frá götu og þaðan keyrt inní bílageymslu. Stæðið okkar er nr. 11., en merki félagsins er á vegg við bílastæðið. Úr bílageymslunni er farið með lyftunni á 6. Hæð

**Mikilvæg símanúmer**

Umsjón með íbúðinni hefur Ármann Þór í síma: +0354 690 0062

Netfang: umsjonspann@gmail.com

Vinsamlegast athugið að þetta eru neyðarnúmer en ekki upplýsingaþjónusta.

Rukkað er sérstaklega fyrir neyðarþjónustu og útkall (dagur/nótt - 70/90 evrur)

Hagnýtar upplýsingar.

Ef svo ólíklega vill til að leigutakar þurfi læknisþjónustu og eða að bráðaatvik komi upp er nauðsynlegt að hafa bláa sjúkrakortið með sér ásamt vegabréfi. Þess vegna er gott að vera búin að undirbúa sig, hafa sjúkrakortin á einum stað, vera með td. mynd í símanum sínum af símanúmerum / heimilisföngum á sjúkrahúsum / heilsugæslum.

Símanúmer í neyðartilvikum.

Lögregla og sjúkrabíll: 112

Aukapjónusta ef óskað er - greiðist á staðnum

Alla aukapjónustu þarf að panta um leið og bókun fer fram.

Ef það er dregið fram á síðasta dag er ekki víst að hún sé í boði.

Vinsamlega sendið tölvupóst til umsjónarmanns um leið og bókun fer fram.

Árman Pór í síma: +0354 690 0062

Netfang: umsjonspann@gmail.com

Aukapjónusta:

- Tekið á móti gestum í íbúð, pantað fyrirfram, dagur / nótt 50/70€
- Lyklaafhending, neyðarþjónusta og útkall, dagur / nótt 70/90€
- Akstur frá flugvelli að íbúð, pantað fyrir fjóra / fyrir átta 50/70€
- Áfylling á ísskáp 40€


„Áfylling á ísskáp er 6 lítrar vatn, 2 lítrar mjólk, 6 dósir jógúrt, kaffi, brauð, smjör og ostur“.



Íbúðin og búnaður

Skiptidagar eru mismunandi eftir árstímum og er bókuð vika í senn sem er hámark, nema yfir vetrartímann. Þá er hægt að bóka tvær samfelldar vikur (í tvennu lagi þó).

Á sumrin (Apr.-Sept) eru skiptidagar á föstudögum. Leigjandi hefur afnotarétt af íbúðinni frá kl 18:00 á komudegi og til kl 12:00 á brottfarardegi. Hægt er að geyma töskur í töskugeymslu við bílakjallara en það skal gert í samráði við umsjónarmann.



Lýsing á íbúðinni

Íbúðin er á efstu hæð hússins, svokölluð penthouse íbúð. Hún er um 100 fm að stærð. Komið er inn í alrými þar sem er stofa og eldhús. Það eru þrjú svefnherbergi með hjónarúmum, 150X190 cm. Athugið að hægt er að lyfta hjónarúmum upp að framan og þar undir leynist ágætis töskugeymsla. Einnig er stofusófinn svefnsófi fyrir tvo.

Gistimöguleikar eru því fyrir allt að 8 manns auk ungabarns.

Þá eru tvö baðherbergi í íbúðinni, annað þeirra er sérstaklega hannað fyrir hreyfihamlaða.



Út af vel búnu eldhúsi eru stórar svalir meðfram íbúðinni með fallegu útsýni í átt til sjávar. Þar að auki fylgir íbúðinni stórt einka þaksvæði sem er afgirt en þar má finna stóla, sóhlíf, borð og sólbaðsbekki til afnota fyrir gesti. Íbúðin hentar hreyfihömluðum, dyraop eru nægilega breið fyrir hjólastóla og klósett og baðaðstaða sérstakleg hönnuð.

Búnaður

Allur almennur búnaður er í íbúðinni, borðbúnaður fyrir 8 manns, sængur og koddar fyrir 8 manns. Barnastóll og barnarúm með barnasæng og koddar. Allur sængurfatnaðurinn er til staðar en við komuna setur fólk sjálft á rúmin. Þykk Lök eru notuð sem sængur en á veturna er bætt við teppum sem notuð eru yfir lökin.

2x 2L vatnsflöskur eru í ísskáp og salernispappír á salernum við komu en að öðru leyti sér fólk sjálft um aðföng meðan á dvöl stendur.

Þvottavél er skáp í gangi, ásamt þurrk grind, hreinsiefni, tuskum o.þ.h.

Loftkæling og gólfhiti

Loftkæling er í íbúðinni og er bent á að slökkva á henni við brottför. Þá er heldur ekki þörf á að hún sé alltaf í gangi sérstaklega ekki þegar opið er út. Á baðherbergjum er gólfhiti. Vinsamlegast hafið í huga yfir vetrartímann að hitinn rýkur upp og út ef hurðir standa opnar og þá getur tekið tíma að hita íbúðina aftur.



Internet, afruglari og sjónvarp

Sjónvarp, DVD, aðgangur að neti, ásamt sjónvarpstengingu með aðgangi að mörgum sjónvarpsstöðvum eins og t.d. RÚV. Upplýsingar um WI-FI er að finna í íbúðinni.

Almenn umgengni

Reykingar eru stranglega bannaðar í íbúðinni. Það gildir líka um rafrettur. Þeir sem reykja eru beðnir að reykja úti eingöngu og ganga snyrtilega frá eftir sig. Að öðru leyti skulu leigjendur ganga vel um og virða húsreglur.

Vinsamlegast lesið reglur sem húsfélagið hefur sett varðandi sundlaugina, tennisvöllinn og sameign og fylgið þeim tilmælum sem þar eru af tillitssemi við aðra íbúa.

Þrif og frágangur við brottför

Þrif á íbúðinni eru innifalin í leiguverði en við biðjum gesti um að þrifa þaksvalir með garðslöngu sem þar er. Ganga verður frá öllum þvotti, þ.e. taka af rúmum og setja í þar til gerðar körfu/r sem eru til staðar í íbúðinni, ásamt handklæðum. Í íbúðinni eru bæði stór og lítil handklæði.

Strandhandklæði eru í íbúðinni fyrir gesti og þurfa gestir að þvo þau og ganga frá í lok dvalar.

Þá skal einnig við brottför ganga frá öllum búnaði á sinn stað, þurrka af borðum. Þvo allt leirtau og koma því á sinn stað í skápum og hillum og slökkva á öllum tækjum og draga niður gluggahlífar. Slökkva þarf á gólfhita á baðherbergjum og loftræstingu við brottför.

Að henda rusl

Fara þarf með rusl í gáma sem staðsettir eru út í götu vinstra megin þegar gengið er frá húsi.


Vinsamlega kynnið ykkur flokkun / mismunandi gáma fyrir rusl.

Athugið að bannað er að skilja rusl / ruslapoka til hliðar við gámana. Ef þeir eru fullir skal ganga að næstu gámum ofar í götunni.



Ströndin og aðstaðan í kringum húsið

Á útisvæði hússins er sundlaug, tennisvöllur, æfingatæki og leiktæki fyrir börn. Gestir hafa fullan aðgang að öllu sem er á lóðinni. Húsvörður/sundlaugarvörður er flesta virka daga á svæðinu til að fylgja eftir umgengni og þrifum á svæðinu. Ströndin er aðeins steinsnar frá húsinu. Á ströndinni er hægt að leigja bekki, en í íbúðinni eru strandhandklæði sem hægt er að nota á ströndinni.



Afþreying á staðnum, næsta nágrenni og samgöngur

Húsið stendur við strandgötuna, Av. San Bartolomé Tirajana 52, sjá merkingu á korti. Svæðið kallast Los Arenales de Sol og er 3 km löng strönd með íbúðarhúsum, verslunum og veitingastöðum.

Öll þjónusta er í göngufæri, litlar verslanir með ýmsum vörum og helstu nauðsynjum, veitingastaðir, sérsverslanir, apótek o.fl.

Leiktæki má finna hér og þar við strandgötuna og einnig lítinn skemmtigarð fyrir minni börnin.

Í Strandgötunni er einnig „Tourist information“ þar sem hægt er að fá upplýsingar um hvað er í boði hverju sinni og hvert er skemmtilegt að fara.

„Tourist information“ er í sama húsi og Lögreglustöðin og Apótekið



Aqua-Park er fjörugur og fallegur vatnsleikjagarður fyrir alla aldurshópa, í um 35 mín. akstursfjarlægð. Heimilisfangið á google maps er Quesada Aquapark. Í Aqua-Park eru rennibrautir, sundlaugar, leikjagarður og veitingastaðir og auðvelt að eyða hér ljúfri dagsstund. Opið er yfir sumarmánuðina en opnunartíma má finna á vefsíðunni: www.aquaparkrojales.es



Costa Blanca svæðið

Costa Blanca svæðið í Valenciu héraði liggur meðfram austur strönd Spánar og hefur um árabli verið ein eftirsóttasta ferðamannaparadísin.

Að meðaltali eru 320 sólardagar á svæðinu á ári. Hvítar strendur og fallegar klettamyndanir einkenna svæðið auk skóglendi og fallegir bæjir og þorp að ógleymdum iðandi borgum eins og Alicante og Benidorm.

Alicante er höfuðborg Costa Blanca svæðisins. Borgin er iðandi af lífi allt árið um kring með ótal veitingastöðum söfnum, dómkirkju, kastala, verslunum og iðandi fjörugtu næturlífi. Gamli bærinn og svæðið kringum höfnina er þekkt fyrir skemmtistaði og klúbba sem margir hverjir skarta góðu tónlistarfólki og frægum plötusnúðum. Þá hefur borgin sína eigin Römblu sem liggur meðfram „Paseo de la Explanada de Espana“ þar sem er urmull af góðum veitingastöðum.

Á svæðinu eru að minnsta kosti 15 góðir golfvöllir. Þá er víða hægt að leigja bát eða fara í bátsverð eða vatnasport margs konar auk annarra skoðunarferða, en mesta aðdráttaraflíð er án efa hvít strandlengjan og náttúrufegurðin. Góðar upplýsingar um svæðið má finna á upplýsingasíðum eins og:

www.spanarsala.is

www.tripadvisor.com

www.spain-holiday.com/alicante-province

www.alicante.com



Viltu kíkja í verslunarleiðangur ?

Alicante

Stærri verslunarmiðstöðvar eru inn í Alicante, s.s. El Corte Ingles og Plaza Mar 2. Hægt er að taka strætó, leið nr. 03 sem stoppar fyrir framan húsið og kostar fargjaldið 2 evrur aðra leiðina.

Gott er að fara úr vagninum við Avenida De Oscar Explana, þ.e. við bankann Sabadell (rétt við aðalbrautarstöðina)

Til að komast til baka frá Alicante er best að fara niður að höfninni og á Centralstöðina „Estación Central de Autobuses“ og taka vagn nr. 03 „Arenales“. Vagnar hætta almennt að ganga um kl. 22.00.

Torre Vieja – La Zenia

Þá er einnig góðar verslanir í Torre Vieja og La Zenia sem eru skemmtilegir strandbæir í um 30-40 mín. akstursfjarlægð.

La Zenia er ein stærsta verslunarmiðstöðin á svæðinu. Hin ofurvinsæla Primark verslun er þarna. Úrval af verslunum, veitingastöðum og annarri afþreyingu.

Heimilisfang: Jade 2 - 03189 Orihuela Costa - Alicante

www.zeniaboulevard.es/en

Habaneras er skemmtileg verslunarmiðstöð, minni en La Zenia. Á svæðinu eru keilusalur, bíó, ofl. ofl.

Heimilisfang: Av. Rosa Mazón Valero, 7, 03184 Torre Vieja, Alicante

www.habaneras.es

Bíltúr meðfram strandlengjunni

Fyrir þá sem vilja keyra um og skoða mælum við með bíltúr upp meðfram ströndinni í norður þar sem sækja heim Calpe þar sem sérstakir drangar og klettamyndir skaga út í sjó, með viðkomu í gamla bænum í Altea þar sem njóta má kyrrðarinnar og alveg upp til Moraira sem er þekkt fyrir eina fallegustu smábátahöfnina á svæðinu.

Uppáhald matgæðingsins er án efa **Mercado Central**, í efri hluta Alfonso el Sabio í Alicante ((Av. Alfonso El Sabio, 10, 03004 Alicante, Spain). Þetta er ævintýrlegur matarmarkaður í glæsilegri gamalli byggingu, eins konar dómkirkja matgæðingsins.

Ferskur fiskur og spennandi sjávarfang, kjöt og pylsur af öllum gerðum, grænmeti, ostur, vín og brauðmeti ratar beint í körfuna.

Útimarkaðir

Útimarkaðir eru almennt allt árið um kring á Costa Blanca svæðinu. Við viljum benda á markaði sem eru ca. 30-40 mínútur frá þér akandi. Athugið að listinn er ekki tæmandi.

Zoco markaðurinn – Sunnudaga frá 08.00 til 14.00.

Skemmtilegur markaður þar sem fatnaður, matvara, heimagerður varningur og veitingar eru seldar. Næg stæði. Hægt að setja inn „zoco market“ td. í maps á símanum til að fá leiðbeiningar. Staðsetning: ctra. San Miguel de Salinas Algorfa.

El Limon markaðurinn við El Raso – Sunnudaga frá 08.00 til 14.00.

Einn sá stærsti en mjög mikið vöruval er í boði og oft það nýjasta í flestum flokkum.

Hægt að setja inn „limon market El Raso“ td. í maps á símanum til að fá leiðbeiningar.

Staðsetning: Camino del Raso, El Raso.

Playa Flamenca market – Laugardaga frá 08.00 til 14.00.

Vinsæll markaður sem iðar af mannlífi. Hægt að setja inn „playa flamenca market“ td. í maps á símanum til að fá leiðbeiningar.

Staðsetning: Calle Nicolás de Bussi, Playa Flamenca.

Aquapolis markaðurinn í Torrevieja – Föstudaga frá 08.00 til 14.00.

Einn vinsælasti útimarkaðurinn á Costa Blanca. Hægt að setja inn „aquapolis market torrevieja“ td. í maps á símanum til að fá leiðbeiningar.

Staðsetning: Avenida Delfina Viudes, 1, 03183 Torrevieja.

Þess má geta að á sumrin eru talsvert fleiri markaðir á mismunandi dögum. Auðvelt er að afla sér upplýsinga með að googla td. „markets in costa blanca“ til að fá nánari upplýsingar.

Útimarkaðir hafa stundum haft á sér það orð að „fingralangir einstaklingar“ stundi þá.

Allur er varinn góður og alltaf gott að gæta að verðmætum sínum, passa að læsa bílnum og hafa ekkert sýnilegt í bílsætum.

Einnig er nauðsynlegt að vera með reiðufé til að greiða fyrir möguleg vörukaup þar sem fæstir söluaðilar eru með posa.

Verslanir – opnun ofl.

Gott er að hafa í huga að á Spáni er í lögum að verslanir verða að hafa lokað 12 sunnudaga á ári og er hverri verslun frjálst að stýra þessu.

Þess vegna eru flestar verslanir lokaðar á sunnudögum í nóv til apríl.

Almennur opnunartími stærri matvöruverslana er frá 09.00 til 21.30.

Helstu matvöruverslanir eru:

- Mercadona
- Consum
- Carrefour

Vilji gestir koma á framfæri ábendingum, athugasemdum eða öðru geta þeir gert það í þar til gert eyðublað sem er aftast í bláu möppunni.

Við vonum svo innilega að þið njótið dvalarinnar og að skemmtilegar minningar skapist í fríinu. **Orlofssjóður Sameykis.**